

Nd.

26. Frumvarp til laga

[20. mál]

um breyting á lögum nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Ragnhildur Helgadóttir, Magnús Jónsson, Benedikt Gröndal,
Jóhann Hafstein, Pétur Pétursson.

1. gr.

Liðurinn I, b í 6. gr. laganna (skattgjald hjóna) falli niður.

2. gr.

1. málsg. 11. gr. laganna orðist svo:

Samanlögðum skattskyldum tekjum hjóna, sem samvistum eru, skal skipta til helminga og reikna skatt af hvorum helmingi um sig.

3. gr.

a. Í stað orðanna „Fyrir hjón kr. 12000.00 (6 þús. fyrir hvort)“ í 12. gr. laganna komi: Fyrir hjón kr. 10400.00 (5200 kr. fyrir hvort).

b. Á eftir 4. málsg. sömu lagagreinar komi ný málsg., svo hljóðandi:

Einstæðum mæðrum eða feðrum með börn innan 16 ára aldurs á framfæri skal veitast persónufrádráttur að upphæð kr. 11000.00 fyrir eitt barn, en fyrir hvert barn þar umfram kr. 9000.00.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu í fjárhagsnefnd. Frumvarpinu fylgdi svo hljóðandi greinargerð, sem á við nú, ekki síður en þá:

„Flestum er ljóst, að sú meginregla, sem fylgt er við ákvörðun á skatti hjóna, er óréttlát. Á það hefur oft verið bent, bæði á Alþingi og annars staðar, að réttara væri að lita á hjón sem tvo sjálfstæða skattþegna. Einkum þykir núverandi skipan koma ranglátlega niður á hjónum, sem bæði afla beinna tekna. Við síðustu endurskoðun skattalaga fékkst nokkur leiðrétting, þótt hún væri ekki fullnægjandi.

Ýmsar leiðir til úrbóta hafa verið ræddar, m. a. á Alþingi. Gætir þar tveggja höfuðsjónarmiða: Annars vegar að skattleggja hvort í sínu lagi hjón, sem bæði afla beinna tekna. Stendur þá oftast þannig á, að húsmóðirin vinnur utan heimilis. Hins vegar er svo það sjónarmið, sem ræður í þessu frumvarpi, að skattleggja hvort í sínu lagi öll hjón, hvort sem bæði afla beinna tekna eða ekki, — hvort sem konan vinnur á heimilinu eða einnig utan þess.

Á síðustu árum hafa komið fram á Alþingi nokkur frv., sem byggjast á sömu meginreglu og þetta frv. Eru það frumvörp Gylfa P. Gislasonar og Kristínar Sigurðardóttur árið 1951 og 1952 og frv. Jóhanns Hafsteins og Magnúsar Jónssonar 1952, sem raunar fóll í sér ýmsar fleiri breytingar á skattalögum.

Þótt ýmsar leiðir í þessum efnum séu til bóta, er sú, sem í frumvarpinu felst, hins réttlátasta. Hún tekur fullt tillit til þess, að vinna konu við umönnun heimilis og uppeldi barna er sízt minna virði en vinna konu utan heimilis. Jafnframt léttir hún skattbyrði þeirra hjóna, sem bæði afla beinna tekna fyrir heimili sitt, en það er algengt og oft nauðsynlegt, sérstaklega á fyrstu húskaparárum hjóna.

Vegna mikilla skatta á hjónum eru nokkur brögð að því, að fólk búi saman ógift, enda þarf það samkvæmt núgildandi lögum að bera þyngrri skattabyrði eftir hjúskaparstofnun, þótt tekjur þess séu óbreyttar.

Til þess að vega á móti þeim mun, sem skapast mundi milli skattgjalds hjóna og einstaklinga, og vegna þess að yfirleitt má telja framfærslukostnað tveggja saman hlutfallslega lægri en framfærslukostnað einhleypings, er lagt til í a-lið 3. gr. frv., að persónufrádráttur hjóna lækki nokkuð frá því, sem nú er. Hliðsjón er hér höfð af því hlutfalli, sem 13. gr. laga um almannatryggingar, nr. 24/1956, ákveður milli ellilífeyris hjóna og einhleyps fólks.

Þar eð frumvarp þetta fer fram á réttarbætur fyrir hjón, sem samvistum eru, þykir réttlát, að einstæðir foreldrar með börn á framfæri hljóti aukin friðindi, eins og b-liður 3. gr. frv. fjallar um, enda hafa þeir mun erfiðari aðstöðu en foreldrar, sem samvistum eru.“